



Fornleifaskráning í Lóni, Hornafirði

Vegna fyrirhugaðrar lagningu háspennulínu



Indriði Skarphéðinsson

2024

Forsíðumynd: Vatnsmylla í landi Volasels í Lóni.



Sagnabrunnur


© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

Nóvember 2024

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið.....	2
Fornleifaskráning	3
Stafafell og Brekka	3
[3342-001] – Tóft - Fjárhús	3
[3342-002] – Tóft - Fjárhús	4
[3342-003] – Dæld – óþekkt.....	4
[3342-004] – rétt – Stafafellsrétt.....	5
[3342-021] – garðlag – matjurtagarður.....	6
[3342-022] – hleðsla – girðing.....	6
[3342-023] – hleðsla – girðing.....	6
[3342-027] – tóft – útihús	7
[3342-028] – heimild – matjurtagarður og rétt	7
[3342-029] – heimild – útihús.....	7
[3342-030] – heimild – útihús.....	7
[3342-031] – leið– Skágata.....	8
Volasel	8
[3342-009] – tóft – vatnsmylla	8
[3342-010] – niðurgroftur – mógrafir	9
[3342-011] – niðurgroftur – mógrafir	9
[3342-012] – garðlag – óþekkt.....	10
[3342-025] – hleðsla – óþekkt	10
[3342-026] – hleðsla – óþekkt	10
Krossland	11
[3342-013] – garðlag – óþekkt.....	11

[3342-014] – dæld – óþekkt.....	11
[3342-015] – dæld – óþekkt.....	12
[3342-016] – dæld – óþekkt.....	12
[3342-017] – dæld – óþekkt.....	12
[3342-018] – dæld – óþekkt.....	13
[3342-024] – garðlag – óþekkt.....	13
Þorgeirsstaðir	13
[3342-019] – niðurgröftur – mógrafir.....	14
[3342-020] – niðurgröftur – mógrafir.....	14
Syðri-Fjörður.....	14
[3342-005] – hleðsla – óþekkt	15
[3342-006] – þúst – Völvuleiði.....	15
[3342-007] – þúst – Völvuleiði.....	16
[3342-008] – hóll – Lambhúshóll	16
Niðurstöður	16
Heimildaskrá.....	17
Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis.....	19
Stafafell & Brekka	19
Volasel	22
Þorgeirsstaðir	22
Þorgeirsstaðaklif	23
Samantekt.....	24
Viðauki II. Tafla yfir skráðar minjar.....	25
Viðauki III. Minjakort.....	26




Abstract

RARIK hired Sagnbrunnur ehf, to conduct an archaeological survey of an area affected by a planned electrical cable in Lón, Hornafjörður. The project has the registration nr. 3342. During fieldwork 31 features were surveyed, out of which six features are considered to be at risk because of the project. Part of the area had been surveyed before and three features from previous surveys are at risk because of the project, totalling in nine features at risk. In those cases, counter-measures were suggested to prevent any disruption of the protected archaeological remains, such as changes to the planned route of the cable where possible. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Inngangur

Að beiðni RARIK var starfsmaður Sagnabrunns ehf. ráðinn til fornleifaskráningar í Lóni vegna lagningu háspennustrengs. Fulltrúi verkkaupa var Kári Snær Valtingoer og fékk fornleifaskráningin verkefnanúmerið 3342 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningarinnar var að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á strengleiðinni, ásamt því að skoða lagnaleiðina á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Í heildina voru 31 minjar skráðar á vettvangi nú, en aðeins sex þeirra teljast í hættu vegna framkvæmdanna. Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta skráningarsvæðisins og til viðbótar við þær sex minjar sem skráðar voru nú og teljast í hættu vegna framkvæmdanna eru þrjár minjar skráðar áður sem stafar einnig hætta af framkvæmdunum.

Skráningarsvæðið



Fyrirhuguð lega strengsins liggur frá Stafafelli vestur í Skarðsdal í gegnum jarðir Brekku, Hvamms, Volasels, Þorgeirsstaðar, Efri- og Syðri-Fjarðar. Skráningarsvæðið er svæðið innan 15 m radíus út frá legu strengsins. Var legu strengsins breytt að hluta til í tvígang, meðal

annars til að fyrirbyggja rask á fornleifum. Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta þess svæðis sem skráð er nú (Vala Garðarsdóttir & Sigríður G. Björgvinsdóttir 2015 & 2017), (Indriði Skarphéðinsson & Vala Garðarsdóttir 2020), (Bjarni F. Einarsson 2020), (Stefán Ólafsson 2012). Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Farið var á vettvang dagana 19. og 20. september og 10. október. Skráningarsvæðið var tekið út og þar sem fornleifa varð vart í eða við skráningarsvæðið voru þær mældar upp með Trimble Nomad 5-tæki, myndaðar og minjunum lýst.

Fornleifaskráning

Stafafell og Brekka

Stafafelli bregður snemma fyrir í rituðum heimildum og er hennar getið í Njálu. Stafafell er kirkjustaðurinn í Lóni og hefur Stafafell verið langstærsta og verðmesta landareignin í Lóni. Brekka er hjáleiga frá Stafafelli og kemur nafnið fyrir fyrst árið 1735, en í jarðbók frá 1709 er talað um Stafafellshjáleigu (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:54-65). Í Jarðatali Johnsen er jörðin Stafafell metin á 26 hundruð að dýrleika og Brekka nefnd ein af hjáleigum Stafafells en jarðamats ekki getið (J. Johnsen 1847:1).

[3342-001] – Tóft - Fjárhús

Í örnefnaskrá Stafafells og Brekku segir: „*Fallegur hvammur eða slakki er skammt innan við Kiðuskarð og var þar undir hlíðinni gömul fjárrétt, Stafafellsrétt (lögrétt). Er þar kallað „Hjá réttinni“. Þar eru einnig fjárhúsatættur Gísla bónda Árnasonar prests á Stafafelli er hann var stórbóndi á Brekku á sinni tíð.*“



Mynd 1. Tóft [3342-001], mynd tekin til norðurs.

(Örnefnaskrá Stafafells og Brekku, bls. 8). Tóftin er grasi gróin og að hluta til grafin inn í brekkuna og vísar inngangur hennar til suðurs. Tóftin er um 10x7,5 m að utanmáli, veggir hennar eru nokkuð miklir en hæð þeirra er á bilinu 0,4-0,6 m og þykkt þeirra á bilinu 1-2 m. Tóftin er sú veigamesta af þrem tóftum sem standa nokkuð þétt þarna á staðnum stutt innan við réttina.

Í manntalinu frá 1835 er Gísli Árnason, sonur Árna Gíslasonar prests á Stafafelli, skráður húsbóndi og hreppstjóri á Brekku og trúlega eru minjarnar frá þeim tíma (Manntalið 1835).

[3342-002] – Tóft - Fjánhús

Í örnefnaskrá Stafafells og Brekku segir: „*Fallegur hvammur eða slakki er skammt innan við Kiðuskarð og var þar undir hlíðinni gömul fjárrétt, Stafafellsrétt (lögrétt). Er þar kallað „Hjá réttinni“. Þar eru einnig fjárhúsatættur Gísla bónda*



Mynd 2. Tóft [3342-002], mynd tekin til norðurs.

Árnasonar prests á Stafafelli er hann var stórbóndi á Brekku á sinni tíð.“

(Örnefnaskrá Stafafells og Brekku, bls. 8). Tvær tóftir og ein dæld standa nokkuð þétt þarna á svæðinu, þétt vestan við réttina. Tóftin er grasi gróin, að hluta til grafin inn í brekkuna og er hún opin til suðurs. Tóftin er 13x6,5 m að utanmáli, vegghæð hennar á bilinu 0,3-0,5 m og þykkt þeirra um 1-1,2 m.

Í manntalinu frá 1835 er Gísli Árnason, sonur Árna Gíslasonar prests á Stafafelli, skráður húsbóndi og hreppstjóri á Brekku og trúlega eru minjarnar frá þeim tíma (Manntalið 1835).

[3342-003] – Dæld – óþekkt

Í örnefnaskrá Stafafells og Brekku segir: „*Fallegur hvammur eða slakki er skammt innan við Kiðuskarð og var þar undir hlíðinni gömul fjárrétt, Stafafellsrétt (lögrétt). Er þar kallað „Hjá réttinni“. Þar eru einnig fjárhúsatættur Gísla bónda*



Mynd 3. Dæld [3342-003], mynd tekin til suðurs.

var stórbóndi á Brekku á sinni tíð.“ (Örnefnaskrá Stafafells og Brekku, bls. 8). Tvær tóftir og ein dæld standa nokkuð þétt þarna á svæðinu, þétt vestan við réttina.

Dældin er grasi gróin, um 10x3,5 m að stærð og nokkuð regluleg í laginu. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en trúlega tengjast þær fjarhústættunum sem eru þarna þétt vestan við. Í manntalinu frá 1835 er Gísli Árnason, sonur Árna Gíslasonar prests á Stafafelli, skráður húsbóndi og hreppstjóri á Brekku og trúlega eru minjarnar frá þeim tíma (Manntalið 1835).

[3342-004] – rétt – Stafafellsrétt

Í örnefnaskrá Stafafells og Brekku segir: „*Fallegur hvammur eða slakki er skammt innan við Kiðuskarð og var þar undir hlíðinni gömul fjárrétt, Stafafellsrétt (lögrétt). Er þar kallað „Hjá réttinni“.*“ (Örnefnaskrá Stafafells og Brekku, bls. 8).

Réttin er grasi gróin og virðist að mestu byggð úr grjóti, nokkuð veglega hlaðinn. Réttin situr í aflíðandi brekku og norðan megin virðist hún að töluverðu leyti grafin inn í hlíðina. Fimm hólf voru vel greinileg í réttinni, fjögur nokkuð jöfn að stærð en eitt stærra fyrir miðju norðan megin og er gengt úr þeim minni yfir í það stærra. Austan megin í réttinni voru nokkuð óreglulegri og ógreinilegri samtengd hólf. Vegghæð réttarinnar er á bilinu 0,4-1,5 m og er þykkt veggja um 1,5-2 m.



Mynd 4. Rétt [3342-004], mynd tekin til norðvesturs.

[3342-021] – garðlag –
matjurtagarður

Um 25 m vestan við bæjarhúsin á Brekku er matjurtagarður sem virðist enn vera í notkun. Matjurtagarðurinn er merktur inn á túnakort Brekku frá 1918. Suðurhlið matjurtagarðsins var vel greinanleg en ekki var hægt að meta umfang hans til norðurs vegna skógræktar sem vex nú í matjurtagarðinum. Vesturhliðin afmarkast af lágri brekku.



Mynd 5. Matjurtagarður [3342-021], mynd tekin til vesturs.

[3342-022] – hleðsla – girðing

Minjarnar eru staðsettar ofan á lágum kletti við trjálund um 220 m vestan við gamla bæinn á Stafafelli. Hleðslan er á bilinu 0,4-1 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Við grjótagarðinn eru greinilegar girðingarleifar og hefur hann líklegast verið hluti af girðingu sem umlukið hefur trjáræktina, en stutt er niður á hart og líklega erfitt að koma niður girðingarstaurum. Á loftmyndum frá 1970-79 má sjá að það er kominn einhver vísir að trjáræktinni á staðnum og eru minjarnar trúlega reistar eitthvað fyrir það.



Mynd 6. Hleðsla [3342-022], mynd tekin til norðurs.

[3342-023] – hleðsla – girðing

Um 185 m frá gamla bænum á Stafafelli var greinilega sokkin einföld hleðsla sem virðist vera áframhald af girðingu sem nú stendur aðeins ofar. Á loftmyndum frá 1970-79 má óljóst greina girðingu á þessum stað og hefur hún líklega verið uppistandandi þá. Í Byggðarsögu



Mynd 7. Girðing [3342-023], mynd tekin til norðurs.

Austur-Skaftafellssýslu segir að upp úr 1905 voru hafnar umbætur á jörðinni, byggð upp útihús, túnið sléttað og girt (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:57). Aldur minjanna gæti því náð til fyrri hluta 20. aldar.

[3342-027] – tóft – útihús

Minjarnar eru staðsettar stutt austan við heimreiðina að Stafafelli, um 80 m ofan við þjóðveg. Um er að ræða U-laga tóft eða húsgrunn, veggghæð á bilinu 0,4-0,6 m og breidd veggja um 1 m. Á loftmyndum frá 1970-79 má sjá að þá stendur hús á staðnum undir þaki en útihúsið er ekki merkt inn á



Mynd 8. Útihús [3342-027], mynd tekin til austurs.

túnakort frá 1918. Trúlega eru minjarnar frá fyrri hluta eða miðbiki 20. aldarinnar og teljast líklega ekki til friðaðra fornleifa.

[3342-028] – heimild – matjurtagarður og rétt

Á túnakorti Stafafells frá 1918 er merkt inn syðst við heimreiðina saman sáðgarður og rétt. Miðað við kortið standa sáðgarðurinn og réttin nokkuð stutt neðan við útihús [3342-029] og standa minjar [3342-027] mögulega í eða við sáðgarðinn. Ekki sást móta fyrir þessum minjum á vettvangi og eru þær horfnar vegna sléttunar.

[3342-029] – heimild – útihús

Á túnakorti Stafafells frá 1918 má sjá merki fyrir útihúsi eða „fjenaðarhúsi“ við heimreiðina nokkuð sunnan við bæinn. Ekki sást nein ummerki um minjarnar á vettvangi en á loftmyndum frá 1970-79 má sjá greinilega tvö hús undir þaki á staðnum en þau eru horfin í sléttun á loftmyndu, frá 1980-89.

[3342-030] – heimild – útihús

Á túnakorti Stafafells frá 1918 er merkt fyrir útihúsi eða „fjenaðarhúsi“ nokkurn veginn beint austur af miðjum kirkjugarðinum. Ekki er alveg ljóst hvar útihúsið hefur staðið nákvæmlega en miðað við kortið hefur það verið um það bil þar sem yngra íbúðarhúsið á Stafafelli stendur nú. Ekki sást nein ummerki um minjarnar á vettvangi.

[3342-031] –leið– Skágata

Minjarnar voru skráðar af Stefáni Ólafssyni 2012 í skráningarverkefni 2377 og voru þær mældar upp nú. Í fyrri skráningu var minjunum gefið númerið [SF-007:099] og þar er þeim lýst á þennan veg: „Skágata er suðvestan við veg sem liggur að sumarhúsaþýggð á Víðum og í Skjólum. Skágata lá frá Illugötu 096 niður á sanda Jökulsár á Lóni. Gatan liggur um gróið kjarrlendi á bökkum Jökulsár á Lóni. Gatan virðist lítið eitt upphlaðin með malaráburði. Hún er um 40 m löng og um 3 m á breidd“(Stefán Ólafsson 2012:14).

Volasel

Talið er að Volasel hafi upphaflega verið byggt sem hjáleiga úr Hvammslandi um 1680 og er svo talið lítið býli um 1703. Lítið heyrir af býlinu til 1800 og talið er að upp úr 1700 hafi Jökulsá í Lóni breytt farvegi sínum og runnið vestar en nú og spillt landi þar vestan við ána, meðal annars við Volasel (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:87). Í Jarðatali Johnsen er Volasel talið sem eyðihjáleiga frá Hvammi 1805 og er ekkert mat á jörðinni (J. Johnsen 1847:1), í jarðamati frá 1849 er jörðin metin á 5 hundruð að dýrleika og komin í byggð (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:88).

[3342-009] –tóft – vatnsmylla

Tóftin er staðsett við Laxlæk innan og neðan við svokallað Réttarhraun. Um er að ræða nokkuð veglega grjóthlaðna tóft á lækjarbakkanum og tvo grjótgarða þar þétt ofan við tóftina. Tóftin er um 6,5x6,5 m að stærð og opin til austurs, vegg hæð er á bilinu 0,4-1 m og þykkt veggja um 1,5-2 m. Í vestur vegg myllunnar, nær norðvestur horni hennar, má sjá móta fyrir hlaðinni rás þar sem vatni hefur sennilega verið veitt inn í mylluna.



Mynd 9. Vatnsmylla [3342-009], mynd tekin til suðvesturs.

Grjótgarðarnir ofan við mylluna eru sitthvoru megin við lækinn og þvera lága dæld sem er þar ofan við mylluna. Sunnan megin við lækinn er grjótgarðurinn tæpir 19 m á lengd og þykkastur um 3,5 m. Norðan megin lækjarins er grjótgarðurinn um 5 m á lengd og 3,5 m á breidd. Grjótgarðarnir eru að öllum líkindum stífla í læknum sem hefur þjónað þeim tilgangi að veita vatni á mylluna.

Farið var að reisa vatnsmyllur hérlandis á seinni hluta 18. aldar og voru þær víða í notkun allt fram á upphaf 20. aldar. Í byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu er þess getið að Sveinn Bjarnason, ábúandi í Volaseli frá 1887-97, hafði vatnsmyllu til kornmölunar við Laxlæk (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:88).

[3342-010] – niðurgröftur – mógrafir

Við Laxlækinn tæpum 100 m austan við vatnsmyllu [3342-009] eru töluverðar mógrafir. Mógrafirnar eru á um 70x 25 m stóru svæði niður með læknum. Dýpt niðurgrافتarins er breytileg en er um 0,3-1 m. Segir í byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu að í Bæjarhrepp í Lóni hafi mótekja verið lítil og á fáum stöðum, en nægur



Mynd 10. Mógrafir [3342-010], mynd tekin til austurs.

skógur til eldsneytis- og kolagerðar í Dals-, Stafafells- og Hlíðarfjöllum og höfðu allir bæir aðgang að þeim. (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:18)

[3342-011] – niðurgröftur – mógrafir

Stutt norðan við Götuhraun er mýrarstykki og í mýrinni eru töluverðar mógrafir. Mógrafirnar eru um 0,2-0,6 m á dýpt og nokkuð óreglulegar í laginu. Um er að ræða tvær ótengdar grafir að svipaðri stærð, um 40 m á lengd og 30 m á breidd. Segir í byggðasögu Austur-



Mynd 11. Mógrafir [3342-011], mynd tekin til vesturs.

Skaftafellssýslu að í Bæjarhrepp í Lóni hafi mótekja verið lítil og á fáum stöðum, en nægur skógur til eldsneytis- og kolagerðar í Dals-, Stafafells- og Hlíðarfjöllum og höfðu allir bæir aðgang að þeim (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:18).

[3342-012] – garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í túnfæti spölkorn austan við svokallaðan Sauðakíl. Garðlagið er grasi gróið og greinanlegt sitthvorum megin við slóðann inn á túnið en virðist hafa verið flatt út suðvestan megin við slóðann. Garðlagið er um 0,3-0,5 m á hæð og þykkt á bilinu 0,5-1,2 m. Grunnur niðurgröftur virðist vera austan við garðlagið og hefur því mögulega verið mokað upp úr honum.



Mynd 12. Garðlag [3342-012], mynd tekin til austurs.

[3342-025] – hleðsla – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar norðan við túnin á Volaseli stutt neðan við þjóðveg. Um er að ræða hringlaga steinsetningu um 3 m í þvermál, vaxna lyngi og mosa. Það má sjá móta fyrir fari líkt og eftir staur í miðri hleðslunni. Hlutverk minjanna er ekki ljóst, mögulega er hér um að ræða púkk eða undirstöður undir símastaur. Önnur grjóthrúga [3342-026] var skráð um 50 m sunnan við minjarnar.



Mynd 13. Minjar [3342-025], mynd tekin til norðausturs.

[3342-026] – hleðsla – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar norðan við túnin á Volaseli, stutt neðan við þjóðveg. Um er að ræða 2x2 m stóra grjóthrúgu vaxna lyngi og mosa. Hlutverk minjanna er ekki ljóst, mögulega er um vörðubrot að ræða en minjarnar standa um 50 m sunnan við hleðslu [3342-025] og tengjast þær líklega á einhvern hátt.



Mynd 14. Minjar [3342-026], mynd tekin til vesturs.

Krossland

Ekki er vitað hvenær fyrst var búið á Krosslandi en býlið stendur á landi sem er ysti hluti landareignar sem telst til Þórisdals árið 1467. Í Hvalnesbréfi frá 1475 er vitnað um að Hvalnes eigi fimm hrossa beit í Krossa landi og virðist jörðin þá vera komin til (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:81), (Íslenzkt fornbréfasafn V, 1899-1902:798). Í Jarðatali Johnsen er Krossaland eignað kirkjunni á Stafafelli og metin 6 hundruð að dýrleika.

[3342-013] – garðlag – óþekkt

Staðsett stutt austan Laxár í Krosslandi sem er tunga á milli Jökulsár og Laxár. Þar utar á tungunni er eyðibýlið Krossland. Garðlagið er um 200 m á lengd og liggur í U. Það er illgreinanlegt á köflum en veggghæð er á bilinu 0,2-0,5 m og þykkt veggja á bilinu 1,2-1,8 m. Á köflum er greinanlegur grunnur skurður þétt framan við garðlagið og mögulega er það að hluta til uppmokstur úr honum.



Mynd 15. Garðlag [3342-013], mynd tekin til norðausturs.

[3342-014] – dæld – óþekkt

Staðsett innan garðlags [3342-013] stutt austan Laxár í Krosslandi sem er tunga á milli Jökulsár og Laxár. Um er að ræða nokkuð grunna dæld, ferhyrningslaga með mjúkum hornum. Dældin er um 5,5x6,5 m að stærð. Hlutverk minjanna er ekki ljóst og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 16. Dæld [3342-014], mynd tekin til norðvesturs.

[3342-015] – dæld – óþekkt

Staðsett innan garðlags [3342-013] stutt austan Laxár í Krosslandi sem er tunga á milli Jökulsár og Laxár. Um er að ræða nokkuð grunna og óreglulega dæld, 4x4 m að stærð. Hlutverk minjanna er ekki ljóst og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 17. Dæld [3342-015], mynd tekin til norðurs.

[3342-016] – dæld – óþekkt

Staðsett innan garðlags [3342-013] stutt austan Laxár í Krosslandi sem er tunga á milli Jökulsár og Laxár. Um er að ræða aflanga ferhyrnda dæld um 4,5x2,3 m að stærð. Suðurhlið dældarinnar er nokkuð afmáð eftir rollur sem lagst hafa undir barðið og grafið þar inn. Hlutverk minjanna er ekki ljóst og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 18. Dæld [3342-016], mynd tekin til norðvesturs.

[3342-017] – dæld – óþekkt

Staðsett innan garðlags [3342-013] stutt austan Laxár í Krosslandi sem er tunga á milli Jökulsár og Laxár. Um er að ræða nokkuð óreglulega aflanga dæld, um 5x2,5 m að stærð. Hlutverk minjanna er ekki ljóst og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 19. Dæld [3342-017], mynd tekin til norðvesturs.

[3342-018] – dæld – óþekkt

Staðsett innan garðlags [3342-013] stutt austan Laxár í Krosslandi sem er tunga á milli Jökulsár og Laxár. Um er að ræða nokkuð óreglulega aflanga dæld, um 5x2,5 m að stærð. Hlutverk minjanna er ekki ljóst og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 20. Dæld [3342-018], mynd tekin til norðvesturs.

[3342-024] – garðlag – óþekkt

Garðlagið er staðsett stutt vestan við svokallaða Landshólmarás og liggur frá norðvestri til suðausturs að Landshólmarásinni. Garðlagið er um 0,2-0,4 m á hæð og um 1 m á breidd. Á stöku stað virðist vera rás í miðjum garðinum og er líklegast um að ræða áveitugarð eða einhverja ræsingu.



Mynd 21. Garðlag [3342-024], mynd tekin til norðvesturs.

Aldur minjanna er ekki ljós en á að geta mætti tímasetja þær sitthvoru megin við aldamótin 1900.

Þorgeirsstaðir

Í jarðatali frá 1709 er jörðin sögð vera fyrir löngu byggð úr Hvammslandi og er hennar getið ásamt Hvammi um 1641 (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:91). Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin 5 hundruð að dýrleika og sögð í bændaeign (J. Johnsen 1847:1).

[3342-019] – niðurgröftur – mógrafir

Minjarnar eru staðsettar spölkorn norðan við Dýöldur, neðan við Borgarhraunsmýri. Um er að ræða töluverðar mógrafir á 35x50 m stóru svæði við lækjarfarveg sem rennur ofan úr Borgarhraunsmýri. Dýpt niðurgraftarins er á bilinu 0,4-1,2 m djúpur. Segir í byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu að í Bæjarhrepp í



Mynd 22. Mógrafir [3342-019], mynd tekin ítl suðvesturs.

Lóni hafi mótekja verið lítil og á fáum stöðum, en nægur skógur til eldsneytis- og kolagerðar í Dals-, Stafafells- og Hlíðarfjöllum og höfðu allir bæir aðgang að þeim (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:18).

[3342-020] – niðurgröftur – mógrafir

Minjarnar eru staðsettar í mýri við Dýöldur, rétt vestan við Langahraun. Um er að ræða litlar og nokkuð illgreinilegan niðurgröft. Útlínur hans virðast vera nokkuð reglulegar sem bendir til þess að þetta séu mógrafir, þó er ekki sé útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Grafirnar



Mynd 23. Mógrafir [3342-020], mynd tekin til suðurs.

eru um 0,2-0,4 m á dýpt og þekja um 5x20 m stórt svæði. Segir í byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu að í Bæjarhrepp í Lóni hafi mótekja verið lítil og á fáum stöðum, en nægur skógur til eldsneytis- og kolagerðar í Dals-, Stafafells- og Hlíðarfjöllum og höfðu allir bæir aðgang að þeim (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:18).

Syðri-Fjörður

Bærinn dregur nafn sitt af Papafirði og er talið að upphaflega hafi það verið heiti jarðarinnar. Jarðarinnar er getið í dómi frá 1480 og er þar nefnt Papafjörður. Var jörðinni á einhverjum tímapunkti skipt í Efri- og Syðri-Fjörð og í jarðarmati frá 1805 er Efri-Fjörður talin eyðihjáleiga Syðri-Fjarðar. Í Jarðatali Johnsen er aðeins nefnd ein jörð, Fjörður, og er hún

metin 12 hundruð að dýrleika. Nær það mat sennilega yfir báðar jarðirnar (Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason 1971:93-94), (Jarðatal Johnsen 1847:1).

[3342-005] – hleðsla – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar um 90 m neðan við þjóðveginn, stutt ofan við Skarðsdalsá við lítinn læk. Þúfan er grasi gróin, um 3,5x2,5 m að stærð og nokkuð regluleg í laginn. Þúfan er hátt í 1,5 m á hæð og að öllum líkindum hlaðin upp af mönnum. Lítil og grunn dæld virðist vera ofan á



Mynd 24. Hleðsla [3342-005], mynd tekin til norðurs.

þúfunni. Hlutverk minjanna er ekki ljóst, mögulega gæti verið um torfvörðu að ræða, þó gerir staðsetning hennar undir melnum það ótrúlegt. Hugsast getur að minjarnar séu gamlar undirstöður undir símastaur.

[3342-006] – þúst – Völvuleiði

Í örnefnaskrá Syðri-Fjarðar segir: „Lambhúshóll neðst í túni, þar við var Útburðardý. Svo eru 2 Völvuleiði innar í túninu.“ (Örnefnaskrá Syðri-Fjarðar, bls. 2). Um er að ræða tvær nokkuð lágar þúfur í túninu, líkar að gerð og lögun. Völvuleiði er um 2,5x2 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Engar sögur eru þekktar sem tengjast völvuleiðunum.



Mynd 25. Völvuleiði [3342-006], mynd tekin til norðurs.

[3342-007] – þúst – Völvuleiði

Í örnefnaskrá Syðri-Fjarðar segir:
„Lambhúshóll neðst í túni, þar við var Útburðardý. Svo eru 2 Völvuleiði innar í túninu.“ (Örnefnaskrá Syðri-Fjörður, bls. 2). Um er að ræða tvær nokkuð lágar þúfur í túninu, líkar að gerð og lögun. Völvuleiði er um 2,5x2 m að stærð og um 0,4 m á hæð. Engar sögur eru þekktar sem tengjast völvuleiðunum.



Mynd 26. Völvuleiði [3342-007], mynd tekin til suðurs.

[3342-008] – hóll – Lambhúshóll

Í örnefnaskrá Syðri-Fjarðar segir:
„Lambhúshóll neðst í túni, þar við var Útburðardý.“ (Örnefnaskrá Syðri-Fjörður, bls 2). Um er að ræða nokkuð óreglulegan grasi vaxinn hól neðarlega í túninu. Hóllinn er um 20x12 m að stærð, í honum miðjum er ferhyrnd dæld um 2,5x4 m að stærð og undir honum norðan megin er nokkuð illgreinanleg U-laga tóftarbrot. Örnefnið Lambhúshóll gefur til kynna að á staðnum hafi staðið lambhús sem sléttað hefur verið að einhverju leyti.



Mynd 27. Lambhúshóll [3342-008], mynd tekin til norðausturs.

Niðurstöður

Í heildina voru 31 fornleif skráð við fornleifaskráningu á svæðinu nú. Bróðurpartur minjanna er það sem kalla mætti hefðbundnar landbúnaðarminjar sem flestar mætti tímasetja til 18.-20. aldar. Meðal þeirra eru minjar girðinga og garðlaga, útihúsa, rétta, mógrafa og vatnsmyllu. Athygli vekur fjöldi mjógrafa við Volasel en samkvæmt byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu virðist lítið hafa verið tekið af mó í Lóni þar sem nóg var af viði til kolagerðar. Af þeim minjum sem skráðar voru nú eru sex sem teljast stafa hætta af framkvæmdunum. Einnig eru þrennar minjar sem skráðar hafa verið í fyrri fornleifaskráningum sem stafa hætta af

framkvæmdunum. Í Viðauka I. er fjallað um minjar í hættu í samhengi við framkvæmdirnar og lagðar til mótvægisáðgerðir svo takmarka megi rask á minjunum.

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson (2020). *Fornleifaskráning í Lóni í Hornafirði í A-Skaftafellssýslu vegna fyrirhugaðs ljósleiðara*. Fornleifafræðistofan.

Íslenzkt Fornbréfasafn (1899-1902). V. Bindi 1330-1476. Hið Íslenska Bókmenntafélag. Kaupmannahöfn & Reykjavík.

Jón Aðalsteinn Jónsson & Svavar Sigmundsson (1997). *Skaftafellssýsla, Sýslu- og Sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Sögufélag. Reykjavík.

Jón Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S. Trier. Kaupmannahöfn.

Manntalið 1835, Skaftafellssýsla-Rangárvallasýsla – Sótt á <https://www.manntal.is/>

Sigríður Benediktsdóttir: Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Syðri-Fjörður. Örnefnastofnun

Sigurður Jónsson: Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Stafafell og Brekka. Örnefnastofnun.

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Efri-Fjörður. Örnefnastofnun

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Hvammur, Þorgeirsstaðir og Volasel. Örnefnastofnun

Stefán Einarsson: Örnefnaskrá Bæjarhrepps – Þórisdaur. Örnefnastofnun

Stefán Jónsson & Bjarni Bjarnason (1971). *Byggðasaga Austur-Skaftafellsýslu*, I. Bindi. Bókaútgáfa Guðjóns. Reykjavík

Stefán Ólafsson (2012). *Deiliskráning í Heimafjalli/Stafafellsfjöllum í landi Stafafells og Brekku vegna nýs skipulags frístundalóða*. Fornleifastofnun Íslands. FS501-12131

Túnakort – Brekka, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Túnakort – Brekka, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Túnakort – Fjörður, Efri-, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Túnakort – Fjörður, Syðri-, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Túnakort – Hvammur, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Túnakort – Stafafell, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Túnakort – Volasel, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Túnakort – Þorgeirsstaðir, Bæjarhrepp í Austur-Skaftafellssýsla. (1918), Teiknari: Halldór Eyjólfsson.

Vala Garðarsdóttir & Sigríður G. Björgvinsdóttir (2017). *Fornleifaskráning innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðið við Hvamm í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði*. Menningarmiðstöð Hornafjarðar.


Vala Garðarsdóttir & Sigríður G. Björgvinsdóttir (2015). *Fornleifaskráning í Þorgeirsstaðaklifum – í landi Þorgeirsstaða og Efri-Fjarðar í Lóni Hornafirði*. ASKAFT-101674-Þorgeirsstaðaklif

Vala Garðarsdóttir & Indriði Skarphéðinsson (2020). *Þorgeirsstaðir í Lóni Hornafirði – Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs deiliskipulags*. VG-Fornleifarannsóknir. Skýrsla 2530-2020.

Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis

Af þeim 31 minjum sem skráðar voru við fornleifaskráninguna nú teljast sex minjar í hættu en af skráðum minjum í fyrri fornleifaskráningum á svæðinu teljast þrjár í hættu. Þær minjar sem eru í hættu liggja í landi Stafafells, Brekku, Þorgeirsstaða og Efri-Fjarðar. Var legu strengsins breytt í tvígang og verður hér farið yfir þær minjar sem koma til að verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum eftir að breytingar voru gerðar á legu strengsins. Lagðar verða til mótvægisáðgerðir til að lágmarka risk á minjum vegna framkvæmdanna en það er Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Stafafell & Brekka




Kort 1. Minjar í hættu ofan við Brekku.

Ofan við bæinn á Brekku, stutt ofan við veg eru minjar fjárhúsa [3342-001, -002, & -003] og Stafafellsréttar [3342-004]. Fyrirhuguð lega strengsins kemur til með að liggja fyrir utan 15 m friðhelgaðs svæðis umhverfis fjárhústóftirnar en ekki réttarinnar. Þar sem strengurinn liggur næst réttinni er hann rétt rúma 8 m frá henni og raskar því friðhelgi hennar. Ekki reyndist möguleiki á því að færa legu strengsins fjær minjunum. Eru minjarnar þess eðlis að ekki eru taldar miklar líkur á því að frekari minjar liggi undir sverði í næsta nágrenni. Er hér

lagt til að merkt verði rækilega fyrir minjunum á meðan framkvæmdum stendur til að tryggja að þær verði ekki fyrir raski vegna þeirra.


Við vesturenda heimatúnsins á Stafafelli voru skráðar tvennar minjar sem stafar hætta af framkvæmdunum. Um er að ræða hleðslu [3342-022] og leifar girðingar [3342-023]. Ekki er fyllilega ljóst hvort að minjarnar sem hér um ræðir séu nógu gamlar til að vera aldursfriðaðar. Voru tún girt upp úr 1905 við Stafafell og gætu minjar [3342-023] verið frá þeim tíma. Varðandi hleðslu [3342-022] virðast þær tengjast skógarlundinum sem þær standa við og af loftmyndum að dæma er hann ekki kominn til fyrir en upp úr miðri 20. öldinni.



Kort 2. Minjar í hættu vestan við heimatúnið á Stafafelli.

Fyrirhuguð lega strengsins kemur til með liggja þvert í gegnum girðingarleifarnar [3342-023] og fara inn fyrir 15 m friðhelgað svæði hleðslu [3342-022]. Ekki reyndist það möguleiki að færa legu strengsins á þessu svæði. Í tilfalli minja [3342-023] er það mat skráanda að nægilegar mótvægisáðgerðir séu uppmæling og skráning minjanna, um er að ræða einfalda steinaröð sem lögð hefur verið sem styrking við uppistandandi girðingu og þykir það ósennilegt að frekari minjar liggi þar undir sverði. Í tilfalli minja [3342-022] kemur lega strengsins til með að liggja í 8 m fjarlægð frá hleðslunni, og fer því inn fyrir 15 m friðhelgi þeirra. Er það mat skráanda að nægilegar mótvægisáðgerðir séu að merkja fyrir minjunum á


vettvangi á meðan framkvæmdum stendur til að fyrirbyggja mögulegt risk sem þær gætu valdið.



Kort 3. Minjar í hættu við austurbakka Jökulsár.

Þar sem fyrirhuguð lega strengsins liggur meðfram austurbakka Jökulsár innan við Brekku eru þrjár minjar skráðar í fyrri fornleifaskráningu á svæðinu. Um er að ræða tvær heimildir um leiðir [SF-007:096 & 097] og götu [3342-031]. Ekki fundust nein ummerki um leiðirnar tvær innan áhrifasvæðis strenglagnarinnar. Gata [3342-031], kölluð Skágata, var mæld upp á vettvangi en hún liggur frá Jökulsánni upp að akveginum og hverfur í hann. Fyrirhuguð lega strengsins liggur um 14 m frá götunni og ekki er talin þörf á frekari mótvægisaðgerðum en skráningu minjanna.


Volasel



Sunnan við Volasel í svokölluðum Dýöldum voru skráðar tvennar mógrafir [3342-019, & 20]. Upprunaleg lega strengsins kom til með að liggja þvert í gegnum báðar minjarnar og var legu hans breytt á svæðinu svo hlífa mætti minjunum við raski. Eftir að legu strengsins var breytt, liggur hann nú um 12 m austan við báðar mógrafirnar. Lega strengsins er enn innan 15 m friðhelgi minjanna og lagt er til að merkt verði fyrir minjunum á vettvangi á meðan framkvæmdum stendur til að fyrirbyggja mögulegt rask sem þær gætu valdið.


Þorgeirsstaðir

Stutt austan við bæinn á Þorgeirsstöðum eru tvær minjar skráðar í fyrri skráningu á svæðinu. Um er að ræða bæjarstæði [2530-1] og rafstöð [2530-2]. Var legu strengsins lítillega breytt á svæðinu með tilliti til minjanna. Ekki er alveg ljóst hvar nákvæm staðsetning bæjarstæðisins er, í fyrri skráningu segir: „*Bæjarstæði Þorgeirsstaða, eldra húsið rífið 1950-1960*“ (Vala Garðarsdóttir & Indriði Skarphéðinsson 2020:11). Trúlega hafa gömlu húsin staðið þar sem bæjarhúsin standa nú. Eftir að legu strengsins var breytt eru minjar [2530-2] í um 15 m fjarlægð frá honum og stafar ekki hættu af framkvæmdunum.



Kort 4. Minjar í hættu við bæjarhúsin á Þorgeissstöðum .

Þorgeirsstaðaklif



Mynd 28. Minjar í hættu við Þorgeirsstaðaklif.

Við Þorgeirsstaðaklif eru tvær minjar skráðar í fyrri skráningu á svæðinu sem stafar hætta af framkvæmdunum. Um er að ræða götu [2529-5] og óþekktar minjar [2529-21]. Í fyrri skráningu segir um minjar [2529-5]: „Fyrir ofan Húsið [003] liggur leið að svæðinu. Er hún lögð með steinkeðju sitthvoru megin slóðans og er 46 metra löng og um 3-3,5 metri að breidd. Leiðin liggur í norður-suður í átt að sjónum en hefur verið rofin að norðanverðu af mannavöldum á einhverjum tímapunkti.“ (Vala Garðarsdóttir & Sigríður G. Björgvinsdóttir 2015:10). Ekki eru til neinar lýsingar eða frekari upplýsingar um minjar [2529-21] en trúlega hefur þarna verið skráð dæld með óþekkt hlutverk. Minjarnar eru staðsettar um 12 m suðaustan við fyrirhugaða legu strengsins og kemur hann því til með að raska friðhelgi þeirra. Er lagt til að merkt verði fyrir minjunum á vettvangi á meðan framkvæmdum stendur svo koma megi í veg fyrir rask á þeim.

Hefur minjum [2529-5] áður verið raskað af strenglögnum en ljósleiðari hefur verið plægður þar í gegn á svipuðum slóðum og lega strengsins er fyrirhuguð. Er það mat skráanda að minjarnar séu þess eðlis að nægilegar mótvægisáðgerðir séu skráning og uppmæling þeirra sem hefur nú verið gert.

Samantekt

Af þeim minjum sem stafar bein og óbein hætta af framkvæmdunum er ekki talið að þörf sé á frekari rannsókn á minjunum. Lagt hefur verið til að þar sem lega strengsins liggur innan 15 m friðhelgi minjanna verði merkt rækilega fyrir þeim á vettvangi á meðan framkvæmdartíma stendur svo forða megi þeim við raski. Í tveimur tilfellum kemur strengurinn til með að liggja þvert í gegnum minjarnar. Minjarnar sem um ræðir eru leifar girðingar [3342-023] og götu [2529-5], eru þessar minjar þess eðlis að ólíklegt verður að teljast að frekari rannsókn á þeim leiði nýjar upplýsingar í ljós. Eins er ólíklegt að þær verði fyrir miklu sjáanlegu raski þó að strengur verði plægður í gegnum þær. Er það því mat skráanda að nægilegar mótvægisáðgerðir sé skráning minjanna.

Hefur hér verið gerð grein fyrir þeim minjum sem stafar hætta af framkvæmdunum og lagðar til mótvægisáðgerðir. Það er þó Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir hefjast og er það stofnunarinnar að setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Tafla yfir skráðar minjar

ID	Tegund	Hlutverk	Hætta v. tilefnis	Ástand	Verndun	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3342-001	tóft	fjárhús	engin hætta	vel greinanlegar	friðað	1800-1900	698710,6	442005,1
3342-002	tóft	fjárhús	engin hætta	vel greinanlegar	friðað	1800-1900	698728,1	442001,9
3342-003	dæld	fjárhús	engin hætta	greinanlegar	friðað	1800-1900	698733,9	441997,8
3342-004	hleðsla	rétt	hætta	vel greinanlegar	friðað	1550-1900	698763,1	441990,2
3342-005	hleðsla	óþekkt	engin hætta	vel greinanlegar	friðað	870-1900	693232,2	428172,6
3342-006	þúst	völvuleiði	engin hætta	illgreinanlegar	friðað	870-1900	694392,5	427895,1
3342-007	þúst	völvuleiði	engin hætta	illgreinanlegar	friðað	870-1900	694385,7	427891,1
3342-008	hóll	lambhús	engin hætta	greinanlegar	friðað	1550-1900	694453,2	427894,6
3342-009	tóft	vatnsmylla	engin hætta	vel greinanlegar	friðað	1887-1900	697465,8	435070,1
3342-010	niðurgröftur	mógrafir	engin hætta	greinanlegar	friðað	870-1900	697572,7	435135,5
3342-011	niðurgröftur	mógrafir	engin hætta	greinanlegar	friðað	870-1900	697605	434879,4
3342-012	garðlag	óþekkt	engin hætta	heillegar	friðað	1800-1900	698401,1	434973,9
3342-013	garðlag	túngarður	engin hætta	greinanlegar	friðað	1550-1900	699229,7	435649,3
3342-014	dæld	óþekkt	engin hætta	greinanlegar	friðað	1550-1900	699216,8	435650,7
3342-015	dæld	óþekkt	engin hætta	greinanlegar	friðað	1550-1900	699196,7	435661,7
3342-016	dæld	óþekkt	engin hætta	greinanlegar	friðað	1550-1900	699183,2	435657,9
3342-017	dæld	óþekkt	engin hætta	greinanlegar	friðað	1550-1900	699176,2	435658,2
3342-018	dæld	óþekkt	engin hætta	greinanlegar	friðað	1550-1900	699166,5	435655,4
3342-019	niðurgröftur	mógrafir	hætta	greinanlegar	friðað	870-1900	697073,4	433930,6
3342-020	niðurgröftur	mógrafir	hætta	greinanlegar	friðað	870-1900	697035	433644,9
3342-021	jarðræktarsvæði	matjurtagarður	engin hætta	greinanlegar	friðað	1800-1950	698795,7	441724,2
3342-022	hleðsla	skjólgarður	hætta	vel greinanlegar	friðað	1800-1950	699144,5	441739
3342-023	hleðsla	túngarður	hætta	greinanlegar	friðað	1850-1950	699198,7	441700,6
3342-024	garðlag	óþekkt	engin hætta	greinanlegar	friðað	1550-1900	699229,9	436172,6

3342-025	hleðsla	óþekkt	engin hætta	vel greinanlegar	friðað	870-1900	696855,4	434828,9
3342-026	hleðsla	óþekkt	engin hætta	vel greinanlegar	friðað	870-1900	696849,2	434775,8
3342-027	tóft	útihús	engin hætta	greinanlegar	annað	1930-1980	699497,8	441595
3342-028	heimild	útihús	engin hætta	sést ekki	friðað	1800-1920	699489,6	441607,1
3342-029	heimild	rétt	engin hætta	sést ekki	friðað	1800-1920	699478,5	441638,2
3342-030	heimild	útihús	engin hætta	sést ekki	friðað	1800-1920	699513,6	441776
3342-031	gata	leið	hætta	vel greinanlegar	friðað	1900-1920	698138	442630,3

Viðauki III. Minjakort

